

Fundur var haldinn í Félagi austfirskra kvenna í Reykjavík, í safnaðarheimili Grensáskirkju mánudaginn 1. september 2025 kl. 20:00.

Á fimmta tug frábærra kvenna mætti til þessa fyrsta fundar haustannarinnar.

Á fundinum var Píeta samtökunum veittur styrkur að upphæð kr. 250.000 frá félaginu, til stuðnings við nýlega starfsstöð samtakanna sem staðsett er á Reyðarfirði. Oddný Vala Kjartansdóttir, formaður félagsins afhenti styrkinn. Hún sagði styrknum fylgja hlýjar kveðjur frá félaginu og þakkir til Píeta samtakanna fyrir þeirra mikilvæga starf.

Guðrún Birna Ingimundardóttir, markaðs- og kynningarstjóri samtakanna veitti styrknum viðtöku fyrir hönd Píeta samtakanna og talaði beint inn í hjörtu viðstaddra.

Hún minnti á átakið Gulur september, sem einmitt hófst í gær og ræddi þá þjónustu sem samtökin veita, bæði varðandi forvarnir og einnig með stuðningi við aðstandendur og syrgjendur.

Félagskonur í „austfirskum“, eins og við köllum stundum félagið okkar, eru stoltar af því að samverustundirnar á félagsfundum gefi af sér fé til góðgerðamála af þessu tagi en framlög einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja eru líflína margra samtaka sem sinna lífsnauðsynlegu starfi í samfélaginu.

Á fundinn komu einnig tveir góðir gestir, þeir Albert Eiríksson sem kynnti nýútgefna matreiðslubók sína og Óli Geir sem stendur fyrir dansleikfimi í Mjódinni, fyrir 60+. Báðir eru þeir eldhressir og skemmtilegir og rifu upp stemminguna í salnum, hvor með sínum hætti.

Það verða örugglega margir góðir réttir fram reiddir á heimilum félagskvenna næstu vikunar og áhersla lögð á hollustu (með þínu svindli inni á milli, segir Albert!). Var nánast slegist um bækurnar hans Alberts enda má segja að hann sé „góðkunningi“ félagsins.

Óli Geir fékk fundarkonur til að losa aðeins um hinar „skandinavísku mjaðmir“, sem eru víst í stífari kantinum að hans sögn og fengu félagskonur skemmtilega hreyfingu undir ljúfum suður-amerískum tónum.

Stefanía Sigurðardóttir kvað sér hljóðs og ræddi aðstæður aðstandenda Alzheimerssjúklinga, hversu erfitt það er að fá aðstoð þegar heilsan versnar skyndilega og álagið sem skapast á maka sjúklinga. Var virkilega hollt að hlýða á hennar reynslu í þessum efnum og umhugsunarvert hvernig þessi mál standa.

Fjórar félagskonur sem áttu merkisafmæli í sumar fengu örlítinn afmælisglaðning frá félaginu. Þær Margrét Aronsdóttir og Pálína Karlsdóttir sem báðar fögnuðu 80 ára afmæli á milli funda voru mættar á fundinn en þær Birna Guðmundsdóttir og Hjördís Hrund Ingvarsdóttir, sem urðu 60 ára í sumar, voru fjarverandi en fá afmælisglaðninginn sinn heimsendan.

Rætt var um fyrirhugaða skvísuferð á Skagann 13. september nk., dagskrá, skipulag og tímasetningar. Skráning er hafin og verður einnig auglýst á miðlum félagsins.

Næsti fundur verður mánudaginn 6. október nk. kl. 20:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.